



REGLUR UM VAL OG ÚTNEFNINGU HEIÐURSBORGARA AKRANESS

1.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt með einróma samþykkt að útnefna sérstakan heiðursborgara Akraness.

2. gr.

Við útnefninguna skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi einstaklings í þágu bæjarfélagsins og/eða afrekum í þágu lands og þjóðar.

3. gr.

Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða (stór)afmæli viðkomandi.

4. gr.

Heiðursborgari fær viðurkenningu til staðfestingar á nafnbótinni þar sem a.m.k. kemur fram nafn viðkomandi og dagsetning samþykktar bæjarstjórnar.

5. gr.

Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Akraneskaupstað sem slíkur.

6. gr.

Akraneskaupstaður hefur eftirfarandi skyldur gagnvart heiðursborgara:

- a) Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Akraneskaupstaðar.
- b) Heldur nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.
- c) Tekur þátt í athöfn við útför heiðursborgara þegar þar að kemur í samráði við aðstandendur.

7. gr.

Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverjir sátu þá í bæjarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.



8. gr.

Bæjarstjórn á hverjum tíma er (ávallt) heimilt að taka ákvörðun um afturköllun eða niðurfellingu heiðursborgaranafnbótar skapist (síðar) einhverjar þær aðstæður sem kollvarpa ímynd þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni.

Í lífanda lífi heiðursborgara skal leita umsagnar viðkomandi (hans) áður en endanleg ákvörðun (um afturköllun) er tekin. Að öðrum kosti er ekki um eiginlega afturköllun að ræða heldur ákvörðun bæjarstjórnar um niðurfellingu nafnbótar (titils).

Allt að einu skulu þá skyldur Akraneskaupstaðar gagnvart heiðurborgara falla niður og nafn viðkomandi fjarlæggt af lista bæjarstjórnar yfir heiðurborga Akraness.

Samþykkt í bæjarráði xx.yy. 2024
Samþykkt í bæjarstjórn Akraness xx.yy. 2024

Haraldur Benediktsson,
bæjarstjóri

Greinargerð með tillögu um breytingu, sbr. 8. gr:

Mikilvægt er að reglur um val og útnefningu heiðursborgara veiti bæjarfulltrúum á hverjum tíma svigrum til endurskoðunar ákvörðunar komi síðar fram upplýsingar eða atvik sem kollvarpa ímynd þess einstaklings í hlut á hverju sinni.

Möguleiki á málsmeðferð í aðdraganda slíkrar ákvörðunar ráðast eðli máls samkvæmt m.a. af því hvort viðkomandi einstaklingur er á lífi eða fallin frá.

Breytingin sem lögð er til á reglunum sbr. nýja 8. gr. er sett fram með framangreint í huga. Vissulega er viðfangsefnið viðkvæmt þar sem atvik eða upplýsingar geta verið þess eðlis að ómögulegt kann að reynast að sannreyna þau eins og nýlegt dæmi sýnir glögglega.

Greinin sjálf þarfnast ekki skýringar.



Akraneskaupstaður